

# SKÓLASÓKNARREGLUR

## Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR



Foreldrar<sup>1</sup> bera ábyrgð á að barnið þeirra sæki skóla. Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við barnið og kennara.<sup>2</sup>

Það er skylda samfélagsins að tryggja þeim aðstoð sem eru í vanda. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur ákveðið verklag þegar misbrestur verður á skólasókn og tekur það einnig til fjarvista vegna veikinda- og/ eða leyfisdaga. Verklagið skiptist í nokkur þrep sem útskýrð eru á næstu blaðsíðum.

<sup>1</sup> Með foreldri eigum við þá aðila sem fara með forsjá barns samkvæmt barnalögum.

<sup>2</sup> Samkvæmt 19. gr. laga um grunnskóla.

## PREP 1

10 fjarvistarstig eða  
5 veikinda-/leyfis dagar

Umsjónarkennari ræðir við nemandann<sup>3</sup> og hefur samband við foreldra. Leitar skýringa og úrbóta á málinu.

SEINKOMA = EITT FJARVISTARSTIG

FJARVERA ÚR KENNSLUSTUND = TVÖ STIG

Veikindi og leyfi eru talin í heilum dögum. Þetta á þó eingöngu við þegar ekki liggja fyrir eðlilegar og viðeigandi skýringar á fjarvistum.

## PREP 2

20 fjarvistarstig eða  
10 veikinda-/leyfis dagar

Umsjónarkennari boðar til fundar foreldra og nemanda<sup>3</sup> náms- og starfsráðgjafa og skólustjóra (eða fulltrúa hans). **Skólustjóri** tekur við stjórn málsins og leitar skýringa og úrbóta.

## PREP 3

30 fjarvistarstig eða  
15 veikinda-/leyfis dagar

Skólustjóri leitar eftir aðstoð hjá **nemendaverndarráði** skólans. Þá er haldinn fundur með skólustjórnanda, umsjónarkennara, foreldrum og nemanda<sup>3</sup>.

## PREP 4

40 fjarvistarstig eða  
20 veikinda-/leyfis dagar

Nemendaverndarráð leitar til **skólaþjónustu miðstöðvar Reykjavíkur**. Fundur með skólustjórnanda, umsjónarkennara, foreldrum, nemanda<sup>3</sup> og fulltrúa skólaþjónustu.

## PREP 5

60 fjarvistarstig eða  
30 veikinda-/leyfis dagar

Þegar málið er fullnúið á miðstöðvum er málið sent til **Barnaverndar Reykjavíkur** eftir umfjöllun í nemendaverndarráði.

## HVAÐ GETUR ÞÚ GERT?

- Kennt barninu þínu strax í leikskóla að hver dagur skiptir máli og að það skiptir máli að mæta á réttum tíma.
- Haldið reglu á háttatímum og gætt þess að barnið fái nægan svefn.
- Haft öll föt og gögn tiltæk fyrir barnið kvöldið áður svo sem bækur, ritföng, íþróttá- og sundföt.
- Auðveldað aðlögun með því að hitta nýjan kennara með barninu.
- Gætt þess að halda barninu ekki heima nema það sé raunverulega veikt. Höfuð- eða magaverkir geta verið merki um kvíða en þurfa ekki endilega að vera ástæða til að vera heima.
- Talað við kennarann ef barnið virðist kvíðið því að fara í skólann.
- Reynt að raska skóladeginum sem minnst vegna annarra erinda svo sem læknisheimsókna og öðru slíku.

## HAFÐU Í HUGA AÐ:

- Gott og reglulegt samstarf við umsjónarkennara eykur traust og skilning.
- Umsjónarkennari gætir hagsmuna nemandans í skólanum.
- Skyldur umsjónarkennara og skólans er að fylgjast með og skrá mætingar. Þegar tilteknum stiga- eða dagafjölda er náð sem Skóla- og frístundasvið hefur skilgreint fer af stað ákveðið ferli (sjá hér að neðan).
- Ef foreldri telur sig vanbúið til að sinna skyldum sínum gagnvart barni sem forðast að mæta í skóla er mikilvægt að muna að skólinn og miðstöðvar borgarinnar eru til reiðu.
- Miðstöðvarnar er fyrir fjölskyldurnar í hverfinu. Þar er hægt að fá tíma hjá félagsráðgjafa sem getur fengið aðra sérfræðinga til aðstoðar eins og kennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa og sálfræðinga. Sjá: [reykjavik.is/midstodvar](http://reykjavik.is/midstodvar).
- Ef ekki tekst að leysa skólasóknarvanda með lausnum sem þessir aðilar leggja til er málinu vísað til Barnaverndar Reykjavíkur.

\*með tilliti til aldurs nemandans

## MÆTINGARVIÐMIÐ

Miðað er við 180 skóladaga á skólaári.  
Mæting er skilgreind sem:

Viðunandi - fjarvist í 9 daga eða færri.

Hættumerki - fjarvist í 10-17 daga.

Langvarandi fjarvera - fjarvist í 18+ daga.

## VISSIR ÞÚ AÐ?

- Barn getur dregist aftur úr námi þótt það missi aðeins úr 1-2 daga á nokkurra vikna fresti.
- Ítrekaðar seinkomar í upphafi dags geta haft áhrif á nám, líðan og félagslega stöðu.
- Mikil fjarvera getur haft áhrif á allan námshópin ef kennari þarf að aðstoða einstaka nemendur við að vinna upp tapaðar skólastundir.
- Góð skólasókn styður jákvæða sjálfsmynd nemanda í skólanum og getur verið einn af grundvallarþáttum vellíðunar barns í skóla.
- Góð skólasókn getur stutt við farsæld nemenda í framtíðarnámi og -starfi.

